

Sþ.

159. Tillaga til þingsályktunar

um greiðslu víxilskuldar, er rikissjóður ábyrgist vegna brimbrjótsins í Bolungavík.

Flm.: Sigurður Kristjánsson.

Alþingi felur ríkisstjórninni að taka að sér, fyrir hönd rikissjóðs, greiðslu á 35 þúsund króna víxilskuld, sem rikissjóður er í ábyrgð fyrir, en hreppsnefnd Hólshrepps skuldar útibúi Landsbankans á Ísafirði vegna byggingar brimbrjótsins í Bolungavík.

Greinargerð.

Tillaga þessi er flutt samkvæmt beiðni hafnarnefndar og hreppsnefndar Hólshrepps í N.-Ísafjarðarsýslu.

Alþingi er kunnugt, hversu harða baráttu Hólshreppur hefur háð fyrir hafnarmálum sínum. Þessi fátæki og fámenni hreppur hefur þegar lagt fram nál. 250 þúsund krónur til fyrirtækisins. Ríkisstjórnin hefur frá öndverðu gert allar áætlanir um verkið og ráðið framkvæmdum þess. Áætlanirnar hafa sjaldnast farið nálægt sanni, og má með réttu segja, að hafnarbætur þessar hafi að öðrum þræði verið tilraunastarfsemi rikissjóðs í hafnarmálum. En hreppurinn hefur leiðzt lengra og lengra út í framkvæmdir, blekkur af áætlunum, er ekki stóðust, þar til kostnaðurinn var orðinn hreppnum langt um megn.

Loks er svo var komið, að hreppurinn gat ekki af eigin rammleik aflað fjár til framlags móti rikissjóðsframlaginu, gekk rikissjóður í ábyrgð fyrir 35 þús. kr. víxilláni til þess að mannvirkinu yrði hjargað frá tortímingu. Var frá upphafi gengið út frá því, að ríkið yrði að taka skuld þessa að sér. Og vegna þeirra miklu mistaka, sem átt höfðu sér stað við byggingu mannvirkisins og urðu þess valdandi, að það varð stórum dýrara en ella, var í raun og veru sanngjarnt og sjálf-sagt, að rikissjóður tæki að sér að ljúka verkinu. — Enn má geta þess, að þegar gerð voru skuldaskil hreppanna, fékkst skuld þessi ekki tekin með í skuldaskil, eingöngu vegna ríkisábyrgðarinnar. En skuldaskilanefnd var ljóst, að hreppurinn var þess allsómegnugur að greiða hana. Var þá enn gengið út frá því, að ríkissjóður teldi þetta sína skuld og greiddi hana.